



## UMHVERFISSKÝRSLA

### MEÐ BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI DJÚPAVOGSHREPPS 2008 - 2020

Breytt lega Hringvegar um Berufjarðarbotn - veglína Z



**TGJ**

TEIKNISTOFA GUÐRÚNAR JÓNSDÓTTUR

TJARNARGÖTU 4 101 REYKJAVÍK SÍMI 5627750 TGJ@TGJ.IS WWW.TGJ.IS

Skipulagsstofnun

Mótt.: 28. des. 2015  
Málnr.

101507049



## UMHVERFISSKÝRSLA

### MED BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI DJÚPAVOGSHREPPS 2008 - 2020

Breytt lega Hringvegar um Berufjarðarbotn - veglína Z



**TGJ**

TEIKNISTOFA GUÐRÚNAR JÓNSDÓTTUR

TJARNARGÖTU 4 101 REYKJAVÍK SÍMI 5627750 TGJ@TGJ.IS WWW.TGJ.IS



Skipulagsstofnun

Mótt.: 28. des. 2015  
Málnr.

101507049



# UMHVERFISSKÝRSLA

## MED BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI DJÚPAVOGSHREPPS 2008 - 2020

Breytt lega Hringvegar um Berufjarðarbotn - veglína Z

25. júní 2015 ásamt viðbótum dags.

14. júlí 2015

7. september 2015

29. september 2015

12. október 2015

9. desember 2015

**TGJ**

TEIKNISTOFA GUÐRÚNAR JÓNSDÓTTUR

TJARNARGÖTU 4 101 REYKJAVÍK SÍMI 5627750 TGJ@TGJ.IS WWW.TGJ.IS

## Efnisyfirlit

Samantekt .....	4
1. Inngangur.....	5
1.1 Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 .....	8
1.2 Kynning og samráðsaðilar.....	8
2. Tengsl við aðrar áætlanir .....	9
3. Forsendur.....	9
3.1 Landslag.....	9
3.2 Gróðurfar.....	10
3.3 Fuglar.....	10
3.4 Vatnalíf og lífríki í fjöru og leiru .....	11
3.6 Fornminjar .....	12
3.7 Hljóðvist.....	12
4. Umhverfismat.....	12
4.1 Helstu leiðir við gerð umhverfismats .....	13
4.2 Yfirlit yfir umfang og efni umhverfismatsins .....	13
4.3 Umhverfisþættir og áhrif.....	13
4.4 Viðmið umhverfisáhrifa .....	13
4.5 Aðferð og framsetning.....	14
4.6 Mat á umhverfisáhrifum.....	14
5. Greinargerð sveitarstjórnar skv. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. ....	16
6. Viðaukar.....	17
6.1 Viðauki A – Grunnástand og viðmið .....	17
6.2 Viðauki B – Umsagnir stofnana, athugasemdir á auglýsingatíma og umsagnir sveitarstjórnar Djúpavogshrepps.....	18

## Samantekt

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020, sem staðfest var 24. febrúar 2010, er lögð áhersla á að stofnvegakerfi innan sveitarfélagsins verði komið í gott horf hvað varðar gæði og öryggi. Núverandi veglína Hringvegar um Berufjarðarbotn var staðfest af Skipulagsstofnun 5. febrúar 2014 að undangenginni breytingu á þeirri veglínus sem staðfest var þegar Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020 var fyrst samþykkt 24. febrúar 2010.

Í bréfi landeigenda Berufjarðar dags. 20. apríl sl. er skorað á sveitarstjórn Djúpavogshrepps að endurskoða umrædda veglínus og færa hana utar í fjörðinn. Í ljósi þess að í fyrsta skipti voru allir landeigendur fyrir botni Berufjarðar sammála um fyrirhugaða legu vegarins, samþykkti sveitarstjórn á fundi sínum 11. júní sl. að gera breytingu á aðalskipulagi í þá veru að Hringvegur um Berufjarðarbotn fylgi veglínus Z í stað nágildandi veglínus.

Hér á eftir er aðdraganda breytingarinnar lýst, sem og framkvæmdinni og forsendum á fyrirhuguðum framkvæmdarsvæði, þ.e. landslagi, gróðurfari, fuglum, vatnalífi, lífríki í fjörum og á leirum, fornleifum og hljóðvist.

Við mat á umhverfisáhrifum breytingarinnar var litið til áhrifa vegagerðar á landslag, gróðurfar, fugla, vatnalíf í fjöru og leiru, fornminjar og hljóðvist. Með þeirri breytingu á aðalskipulagi sem hér er til umfjöllunar má ætla að ný veglína verði meira áberandi í landslaginu en áður og muni hafa neikvæðari áhrif á ásýnd svæðisins en fyrri veglína. Sömuleiðis má víst telja að breytingin hafi neikvæðari áhrif á fuglalíf og lífríki í fjöru og leiru en fyrri veglínus. Til að vinna gegn neikvæðum áhrifum nýrrar veglínus verður að leitast eftir að fella hana sem best að landi og að lögð áhersla lögð á að skerða óraskað land sem minnst, sýna aðgæslu þar sem unnið er í grennd við Berufjarðará, fjöru og leiru og græða upp svæði sem raskast eftir því sem við á. Neikvæð áhrif breytingarinnar á fornminjar eru talin vera óveruleg og víst má telja áhrif breytingarinnar á gróðurfar muni verða jákvæð þar sem minna flatarmál gróins lands fer undir veginn. Þá má gera ráð fyrir að færsla veglínunnar dragi úr hávaða frá umferð fyrir íbúa í Berufirði og Hvannabrekku.

Sé litið til markmiða sveitarstjórnar Djúpavogshrepps um eflingu byggðar, atvinnu og öryggis er uppbygging Hringvegar um Berufjarðarbotn nauðsynleg til framtíðar litið.

## 1. Inngangur

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020<sup>1</sup> kemur fram að innan sveitarfélagsins sé ástand Hringvegar í þokkalegu horfi en bundið slítag vantar þó enn á 8,3 km kafla um Berufjarðarbotn<sup>2</sup>. Í matsskýrslu<sup>3</sup> sem Vegagerðin lagði fram í mars 2011, þar sem samtímis voru metin umhverfisáhrif Axarvegar, Hringvegar í Skriðdal og Hringvegar um Berufjarðarbotn, kemur fram að vegurinn kljúfi jarðirnar Hvannabrekku og Berufjörð að endilöngu og á honum séu krappar beygjur, brattar brekkur og einbreið brú, auk þess sem hæðarlega vegarins sé mjög slæm og umferðaröryggi ábótavant.

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020, sem staðfest var 24. febrúar 2010, er lögð áhersla á að stofnvegakerfi innan sveitarfélagsins verði komið í gott horf hvað varðar gæði og öryggi, svo sem með lagningu bundins slítags á malarköflum og afnámi einbreiðra brúa. Til að mæta þessum markmiðum var í skipulaginu sýnd breytt lega Hringvegar um Berufjarðarbotn. Þar var gert er ráð fyrir legu vegarins milli fjöru og bæjarstæðis í Berufirði I-II, um Staðareyri frá vestri til austurs uns hann sameinast núverandi Hringvegi í landi Hvannabrekku. Í aðalskipulaginu var mörkuð sú stefna að Hringvegur um Berufjarðarbotn tengist fyrirhuguðum Axarvegi með T-vegamótum, þar sem Axarvegur er ráðandi vegur.

Í kjölfar viðræðna Djúpavogshrepps og landeigenda<sup>4, 5</sup> var gerð breyting á þágildandi aðalskipulagi er varðaði legu Hringvegar um Berufjarðarbotn. Fól breytingin í sér að veglína Hringvegar var færð utar, tengdist Axarvegi með T-vegamótum í stöð 21070, þveraði ósasvæði Berufjarðarár og lá þaðan í/eða nærri fjöru til norðurs að stöð 17200 í landi Hvannabrekku<sup>6</sup>. Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun 5. febrúar 2014<sup>7</sup>.

Í bréfi landeigenda í Berufirði, dags. 20. apríl 2015 er nágildandi veglínu Hringvegar um Berufjarðarbotn harðlega mótmælt og skorað á sveitarstjórn Djúpavogshrepp að breyta legu hennar. Telja landeigendur að með nágildandi veglínu muni aðgengi að fjörum bæði fyrir fólk og bústofn tapast, fornminjar fari undir veg, netaveiði leggjast af og fuglalíf raskast. Leggja landeigendur til að vegurinn verði færður utar í fjörðinn til að draga úr hávaða og ónæði frá umferð. Í því skyni, sem og til að stytta Hringveg um Austfirði, vilja landeigendur að vegurinn verði lagður „samkvæmt tillögu Q eða Z<sup>8</sup>, eða svo langt út í firðinum sem Vegagerð ríkisins telur mögulegt“. Þá leggjast landeigendur gegn því að Hringvegur um Berufjarðarbotn tengist Axarvegi með T-vegamótum.

<sup>1</sup> Sjá kafla 3.7.1 í greinargerð aðalskipulagsins.

<sup>2</sup> Helga Aðalgeirs dóttir, Magnús Björnsson og Sóley Jónasdóttir. Axarvegur (939), Hringvegur (1) í Skriðdal og Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn. Mat á umhverfisáhrifum - Matsskýrsla. Vegagerðin, mars 2011.

<sup>3</sup> Helga Aðalgeirs dóttir, Magnús Björnsson og Sóley Jónasdóttir. Axarvegur (939), Hringvegur (1) í Skriðdal og Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn. Mat á umhverfisáhrifum - Matsskýrsla. Vegagerðin, mars 2011.

<sup>4</sup> Mannvit verkfræðistofa. Minnisblað - Hringvegur (1) í Berufjarðarbotni. Dags. 3. október 2013. Viðar Jónsson.

<sup>5</sup> Vegagerðin - tölvupóstur frá Helgu Aðalgeirs dóttur dags. 30. september 2013.

<sup>6</sup> Breyting á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020. Breytt lega Axarvegar (veglína G) milli Háubrekku og Reiðeyrar, breytt lega Hringvegar um Berufjarðarbotn milli stöðva 21070 og 17200, og staðsetning níu nýrra efnistökusvæða í landi Berufjarðar. Dags. 20. maí 2013 (síðast uppfærð 10. janúar 2014).

<sup>7</sup> Skipulagsstofnun - Staðfesting breytingar á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020, breytt lega Axarvegar og Hringvegar um Berufjarðarbotn og níu nýjar námur, dags. 5. febrúar 2014.

<sup>8</sup> Tillögur Q og Z voru meðal fimm veglínna sem Vegagerðin gerði tillögur að um Berufjarðarbotn og lagt var mat á í fyrrgreindri matsskýrslu Vegagerðarinnar frá mars 2011.

Bréfið markaði tímamót í máli þessu því þar voru allir landeigendur Berufjarðar, í fyrsta skipti, sammála um val á veglínú Hringvegar um Berufjarðarbotn<sup>9</sup>. Þar með hafði náðst samhljóða niðurstaða hjá öllum landeigendum fyrir botni Berufjarðar, þ.e. landeigenda Berufjarðar og Hvannabrekku. Í ljósi þeirrar niðurstöðu samþykkti sveitarstjórn Djúpavogshrepps á fundi 7. maí 2015 að fela oddvita og sveitarstjóra að ræða við Vegagerðina um mögulega breytingu á núgildandi aðalskipulagi. Á fundi sveitarstjórnar 11. júní 2015 var samþykkt að gera breytingu á aðalskipulagi í þá veru að Hringvegur um Berufjarðarbotn fylgi veglínú Z<sup>10</sup> í stað núgildandi veglínú. Í bókun sveitarstjórnar segir: „*Með vísun til bréfs landeigenda Berufjarðar dags. 20. apríl 2015 er ljóst að allir landeigendur við botn Berufjarðar hafa nú, í fyrsta sinn, komist að sameiginlegri niðurstöðu er varðar veglínú um Berufjarðarbotn. Í trausti þess að undirritun og yfirlýsing landeigenda í áðurgreindu bréfi standi, fellst sveitarstjórn Djúpavogshrepps á breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 í þá veru að í stað núgildandi veglínú sem staðfest var af Skipulagsstofnun 5. febrúar 2014, muni veglína verða færð til þess sem merkt er Z í matsskýrslu Vegagerðarinnar frá mars 2011, þó með þeim fyrirvara að hnika gæti burft veglínunni eitthvað lítilsháttar þegar niðurstöður rannsókna Vegagerðarinnar sem nú fara fram á framkvæmdarsvæðinu, liggja fyrir.*“

Í fyrrgreindri matsskýrslu kemur fram að upphaf veglínú Z sé í grennd við Reiðeyri og að veglínan þveri Berufjörð á grjótvörðum fyllingum á um 0,88 km löngum kafla. Á um 220 m kafla mun veglínan fara yfir leirur í botni fjarðarins. Þá er gert ráð fyrir að við stöð 400 verði byggð a.m.k. 50 m löng brú<sup>11</sup>, sem mun tryggja full vatnsskipti sjávarfalla og óhindrað rennsli Berufjarðarár til sjávar. Þá kemur fram í bréfi Vegagerðarinnar dags. 24. ágúst 2015<sup>12</sup> að brúarop sé miðað við straumálag en ekki vatnsskipti. Miðað sé við straumhraða 2,0 m/sek og sú viðmiðun leiði til mun stærra brúarops en þarf til að tryggja óbreytt vatnsskipti. Norðan við fjörðinn kemur veglínan á land rétt innan við Staðareyri og á landi mun hún fylgja eyrinni að utanverðu, þar sem undirlag er flót árkeila Svartgilslækjar. Veglínan mun svo falla saman við núgildandi skipulagslinu í nágrenni Stekkalækjar.

Í áltí Skipulagsstofnunar dags. 15. apríl 2011 segir að veglíná Z „*komi til með að hafa verulega neikvæð áhrif á landslag og ásýnd svæðisins vegna umfangs vegar og varanleika áhrifa*“. Ennfremur segir í álitinu að stofnunin telji að veglínan muni hafa „*verulega neikvæð og óafturkræf áhrif á leirur og fugla*“.

<sup>9</sup> Fundargerðir frá fundum landeigenda Berufjarðar og fulltrúa sveitarfélagsins dags. 19. febrúar 2010 og 28. október 2014 sýna ólíkar áherslu landeiganda varðandi val á umræddri veglínu.

<sup>10</sup> Helga Aðalgeirs dóttir, Magnús Björnsson og Sóley Jónasdóttir. Axarvegur (939), Hringvegur (1) í Skriðdal og Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn. Mat á umhverfisáhrifum - Matsskýrsla. Vegagerðin, mars 2011. Vegagerðin uppfærði veglínuna 18. júní 2015 og sendi oddvita Djúpavogshrepps 22. júní 2015.

<sup>11</sup> „*Skv. frumhönnun frá 2010 á leiðum um Berufjarðarbotn var gert ráð fyrir 50 m langri brú á veglínú Z m.v. full vatnaskipti undir brúna. Lengd brúar gæti e-ð breyst við frekari hönnun og nákvæmari dýptarmælingar.*“ Vegagerðin - tölvupóstur frá Sveini Sveinssyni dags. 22. júní 2015.

<sup>12</sup> Vegagerðin - Viðbrögð Vegagerðarinnar við umsögn Umhverfisstofnunar um leið Z um Berufjarðarbotn, umsögn frá 10.08.2015. Tölvupóstur frá Kristján Kristjánssyni.

Líkt og kemur fram í umhverfisskýrslu sem fylgdi síðustu breytingu á veglínú Hringvegar um Berufjarðarbotn<sup>13</sup>, er sveitarstjórn Djúpvogshrepps fyllilega meðvituð um neikvæð áhrif breytrar veglinu um Berufjarðarbotn. En líkt og áður, er tilgangur breytingarinnar að koma til móts við sjónarmið landeigenda á svæðinu. Þannig vonast sveitarstjórn, að fengnu samráði við Vegagerðina, að komast megi hjá margvíslegri óvissu sem gæti fylgt eignarnámi sem að öllu óbreyttu liggur fyrir.

Með vali sínu á veglínú Z um Berufjarðarbotn ítrekar sveitarstjórn jafnframt þá stefnu sem kemur fram í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 að Axarvegur verði ráðandi vegur til framtíðar enda felur leiðin í sér 61 km styttingu á vegalengdinni milli Djúpavogs og Egilsstaða ef miðað er við akstur um Breiðdalsheiði, en um 71 km ef ekið er um firði. Niðurstöður umferðarkönnunar Vegagerðarinnar<sup>14</sup> renna stoðum undir stefnu sveitarfélagsins því þar kemur fram að „ef vegurinn yfir Öxi yrði bættur mætti álykta að meðalumferð um hann árið 2008 hefði getað orðið um 160 (bílar/sólarhring). Á sama hátt mætti einnig álykta að meðalumferð um norðanverðan Berufjörð hefði geta orðið um 70 (bílar/sólarhring)“. Hins vegar má ætla að hægt verði að hanna gatnamótin með þeim hætti að umferð um þau geti gengið með greiðlegum hætti.

Engar breytingar eru áformaðar hvað varðar fjölda og stærð efnistökusvæða í tengslum við þá breytingu á legu Hringvegar um Berufjarðarbotn sem hér er til umræðu<sup>15</sup>.

<sup>13</sup> Breyting á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020. Breytt lega Axarvegar (veglína G) milli Háubrekkju og Reiðeyrar, breytt lega Hringvegar um Berufjarðarbotn milli stöðva 21070 og 17200, og staðsetning níu nýrra efnistökusvæða í landi Berufjarðar. Staðfest 5. febrúar 2004.

<sup>14</sup> Friðleifur Ingi Brynjarsson. *Beruffjörður - Umferðarkönnun 2008 - fimmtudaginn 17. júlí, laugardaginn 19. júlí. Vegagerðin*, febrúar 2009.

<sup>15</sup> Vegagerðin - Viðbrögð Vegagerðarinnar við umsögn Umhverfisstofnunar um leið Z um Berufjarðarbotn, umsögn frá 10.08.2015. Tölvupóstur frá Kristjáni Kristjánssyni.

## 1.1 Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020

Gildandi Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020 var staðfest af umhverfisráðherra 24. febrúar 2010 og breyting á aðalskipulagi vegna Hringvegar um Berufjarðarbotn var staðfest af Skipulagsstofnun 5. febrúar 2014.


Viðfangsefni þeirrar tillögu að breytingu á gildandi aðalskipulagi sem hér er til umræðu, er færsla Hringvegar um Berufjarðarbotn frá nágildandi veglínu yfir í veglínu Z<sup>16</sup> (sjá Kort 1).

## 1.2 Kynning og samráðsaðilar

Kynningarfundur fyrir íbúa og hagsmunaaðila vegna breytingar á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 var auglýstur á heimasíðu Djúpavogshrepps og fundarboð sent inn á hvert heimili í sveitarfélagini. Fundurinn var haldinn í Djúpinu á Djúpavogi 25. júní 2015 og hann sóttu um 35 manns. Fulltrúi TGJ Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur kynnti og lagði fram lýsingu á breytingunni dags. 25. júní 2015. Veittur var frestur til og með 10. júlí 2015 til að skila ábendingum við lýsinguna. Engar ábendingar komu fram. Í framhaldi fól sveitarstjórn sveitarstjóra á fundi 14. júlí 2015 að senda lýsinguna til umsagnar til eftirfarandi stofnana og var hún send þeim 15. júlí 2015:

- Skipulagsstofnun. Umsögn barst - dags. 23. júlí 2015.
- Minjastofnun. Umsögn barst - dags. 28. júlí 2015.
- Umhverfisstofnun. Umsögn barst - dags. 10. ágúst 2015.
- Vegagerðin. Umsögn barst - dags. 20. júlí 2015.
- Veiðimálastofnun. Umsögn barst ekki.

Þá var 13. ágúst 2015 óskað eftir viðbrögðum Vegagerðarinnar við umsögn Umhverfisstofnunar. Svör frá Vegagerðinni bárust 24. ágúst 2015.



Gildandi Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020 m.s.br. fyrir breytingu, þ.e. lega Hringvegar frá T-vegamótum við Axarveg í stöð 21070 í landi Berufjarðar að stöð 17200 í landi Hvannabrekku.

Eftir breytingu:



Kort 1. Breyting á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020.

<sup>16</sup> Vegagerðin. Hringvegur um Berufjarðarbotn. Yfirlitsmynd (veglínur 1u4-004/1u5-101). Dags. 18. júní 2015

Unnið var úr athugasemdum umsagnaraðila og var tillagan ásamt umhverfisskýrslu kynnt í Dagskránni og Fréttablaðinu 10. september 2015. Engar ábendingar bárust.

Aðalskipulagsbreytingin ásamt umhverfisskýrslu var samþykkt á fundi sveitarstjórnar 29. september 2015 og veitti Skipulagsstofnun heimild til auglýsingar 7. október 2015. Tillagan ásamt umhverfisskýrslu var svo auglýst í Lögbirtingablaðinu og Fréttablaðinu 14. október 2015 og var frestur til athugasemda til og með 25. nóvember 2015.

Á auglýsingatíma bárust athugasemdir frá:

- Sveitarstjórn Breiðsdalshrepps - dags. 24. nóvember 2015.
- Fjarðabyggð - dags. 24. nóvember 2015.
- Eiði Ragnarssyni, Búlandi 4, 765 Djúpavogi - ódags. en móttokin 25. nóvember 2015.

Sveitarstjórn samþykkti endanlega tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 ásamt umhverfisskýrslu og umsagnir við athugasemdir á fundi sínum 10. desember 2015 (sjá umsagnir, athugasemd og svör sveitarstjórnar Djúpavogshrepps í Viðauka B). Þá var jafnframt samþykkt að óska eftir staðfestingu Skipulagsstofnunar.

Niðurstaða sveitarstjórnar var send Skipulagsstofnun til staðfestingar 22. desember 2015 og auglýst í Fréttablaðinu 23. desember 2015.

Þar sem hér er um breytingu á aðalskipulagi að ræða er framkvæmdin háð framkvæmdaleyfi Djúpavogshrepps, sbr. skipulagslög nr. 123/2010. Við umsókn um framkvæmdaleyfi þurfa gögn um efnistöku í tengslum við framkvæmdina að vera í samræmi við 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og 4.3.1 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

## **2. Tengsl við aðrar áætlanir**

Aðalskipulagsbreytingin hefur ekki áhrif á aðrar skipulagsáætlanir en Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020. Þá er breytingin í samræmi við þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2011 - 2022 en þar er gert ráð fyrir fjárveitingu vegna Hringvegar um Berufjarðarbotn á 2. tímabili.

## **3. Forsendur**

### **3.1 Landslag**

Berufjörður er nyrsti fjörður Djúpavogshrepps. Við sunnanverðan Berufjörð getur að líta eitt tignarlegasta og formfegursta fjall Íslands, Búlandstind (1069 m), hið hæsta sem rís beint úr sjó við Íslandsstrendur. Norðan við fjörðinn er fjallasýnin litrík, prýdd hvössum og fögrum eggjum og ríolítinnskot eru áberandi. Náttúrustofa Austurlands mat landslagið á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í tengslum við umhverfismat Axarvegar (939), Hringvegar (1) í Skriðdal og Hringvegar (1) um Berufjarðarbotn.

Í skýrslu stofnunarinnar kemur fram að mikil fjölbreytni sé í landslagi á svæðinu, litrík fjöll, vel grónir hjallar með nokkuð háum og áberandi klettabeltum. Víða eru votlendi og tjarnir á hjöllunum. Þegar komið er niður bratta hjallana tekur við nokkuð flatlendi með

votlendi bæði sunnan og norðan Berufjarðarár. Á flatlendinu einkennist landslag nokkuð af landbúnaði og þar liðast Berufjarðará friðsællega út í sjó. Leirur í botni Berufjarðar setja svip á landslagið. Í skýrslunni segir að vegagerð muni skemma heildarsvíp leiranna ef veglína Z verði valin.

Í brekkum norðan Berufjarðarár er kjarr en svæðið sunnan ár er lítið raskað að stórum hluta nema votlendi hefur verið ræst fram. Vegur hefur legið um þetta svæði til margra ára með sívaxandi umferð. Engu að síður myndar landslag svæðisins nokkuð samfellda heild, sem tengist heiðum og fjalllendi á báða bóga.

Í álti Skipulagsstofnunar frá 15. apríl 2011 kemur fram lagning Hringvegar um Berufjarðarbotn skv. veglínu Z „*komi til með að hafa verulega neikvæð áhrif á landslag og ásýnd þessa svæðis vegna umfangs vegarins og varanleika áhrifa*“.

### 3.2 Gróðurfar

Náttúrustofa Austurlands gerði rannsókn á gróðurfari í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Axarvegar (939), Hringvegar (1) í Skriðdal og Hringvegar (1) um Berufjarðarbotn. Í skýrslu Náttúrustofunnar<sup>17</sup> segir að norðan leirunnar í botni fjarðarins sé graslendi, þar sem finna má tegundir eins og skriðlíngresi, túnvingull, sjávarfitjungur og lágarfi. Norðan Berufjarðarár og út með firðinum norðanverðum sé aðallega ræktað land og graslendi. Hálfeigja er víða auk þess sem finna má er lágvaxið birkikjarr ofan végar. Í niðurstöðum skýrslunnar segir að af þeim veglínum um Berufjarðarbotn sem lagðar voru fram í matsskýrslu hafi veglína Z „*langminnsta gróðurþekju og með tilliti til gróðurs verður hún að teljast vænlegasta leiðin*“.

### 3.3 Fuglar

Sumarið 2008 gerði Náttúrustofa Austurlands úttekt á fuglalífi í tengslum við umhverfismat Axarvegar (939), Hringvegar (1) í Skriðdal og Hringvegar (1) um Berufjarðarbotn. Í skýrslu Náttúrustofunnar<sup>18</sup> kemur fram að í Berufirði voru skráðar alls 32 fuglategundir og var leira fyrir botni Berufjarðar talin sérstök vegna fjölda tegunda og einstaklinga. Þá er talsvert æðarvarp á utanverðri Staðareyri.

Í skýrslunni er eindregið mælt gegn veglínu Z „*einkum vegna svæðis inn af leiru í botni Berufjarðar sem myndi hafa neikvæð áhrif á fuglalíf á þeim slóðum. Hætt er við að áhrif þverunar með veglínu Z valdi því að afföll fugla aðallega umferðafarfugla og vaðfugla muni eiga sér stað þegar þeir færa sig af leirunni og út fyrir þverun, hvort sem vatnasskipti verði tryggð eða ekki. Vaðfuglar munu einnig laðast að þveruninni að hætti vaðfugla sem hvíla sig í grjóti meðan flæðir að. Þá munu þeir færa sig milli Berufjarðarbotnsleirunnar og leiru í Fossárvík með tilheyrandi yfirflugi. Afföll munu því verða miðað við óbreytt ástand.*“ Ennfremur segir að æðarvarpið muni skerðast með lagningu veglínu Z.

<sup>17</sup> Erlín Emma Jóhannsdóttir, Gerður Guðmundsdóttir, Guðrún Áslaug Jónsdóttir, Halldór W. Stefánsson, Kristín Ágústsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson. Gróðurfar, fuglar, hreindýr og verndargildi á vegarstæðum yfir Öxi, í Skriðdal og um botn Berufjarðar. Neskaupsstaður: Náttúrustofa Austurlands, mars 2009.

<sup>18</sup> Erlín Emma Jóhannsdóttir, Gerður Guðmundsdóttir, Guðrún Áslaug Jónsdóttir, Halldór W. Stefánsson, Kristín Ágústsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson. Gróðurfar, fuglar, hreindýr og verndargildi á vegarstæðum yfir Öxi, í Skriðdal og um botn Berufjarðar. Neskaupsstaður: Náttúrustofa Austurlands, mars 2009.

Í álti Skipulagsstofnunar dags. 15. apríl 2011 kemur fram „*að áhrif á framkvæmdatíma verði verulega neikvæð á fugla og að framkvæmdum loknum hafi orðið bein skerðing á fæðusvæði fugla á leirunum og búsvæðum í fjörum*“. Þá segir að hætta sé á afföllum umferðarfugla og vaðfugla verði að lagningu veglínu Z. Ennfremur segir í álitinu: „*Pá er ljóst að truflun verður frá umferð eftir nýjum vegi óháð veglínum og er því að framansögðu hætta á að vegur um botn Berufjarðar muni hafa neikvæð áhrif á fuglalíf svæðisins til frambúðar, burtséð frá veglínukosti og megi leiða líkum að því að fuglategundum og einstaklingum komi til með að fækka töluvert á svæðinu*“.

Í bréfi Vegagerðarinnar dags. 24. ágúst 2015<sup>19</sup> kemur fram að „*sé litið til rannsókna á leirunni í Berufjarðarbotni segir m.a. í matskýrslu Vegagerðarinnar að framkvæmdirnar munu hafa neikvæð áhrif á fugla, aðallega þó í botni Berufjarðar. Í botni Berufjarðar munu áhrif þeirra verða talsverð*“. Þá segir að „*sé litið til hönnunar vegar samkvæmt leið Z og staðsetningu brúar má fastlega gera ráð fyrir að megin farvegur árinnar verður meðfram suðurlandinu og meginhluti fínefnisins í framburði árinnar mun leita út úr straumnum og falla til botns til hliðar þ.e. yfir alla leiruna norðan nýja farvegarins. Smá saman gæti leiran því breyst úr grófri og harðri sandleiru í mýkri leiru með sylti og leir í yfirborði. Lifmagn slíkrar leiru er að jafnaði meira en sand- eða skeraleiru og því ekki loka fyrri það skotið að vegþverunin gæti haft ákveðin jákvæð áhrif a.m.k. hvað varðar magn fæðu fyrir fugla*“.

### 3.4 Vatnalíf og lífríki í fjöru og leiru

Veiðimálastofnun kannaði vatnalíf í tengslum við umhverfismat Axarvegar (939), Hringvegar (1) í Skriðdal og Hringvegar (1) um Berufjarðarbotn. Í skýrslu Veiðimálastofnunar<sup>20</sup> kemur m.a. fram að fána vatnakerfanna sé fremur fábreytt og þéttleiki sé lítill. Berufjarðará er dæmigerð dragá, sem einkennist af miklum árstíðabundnum rennslissveiflum. Hún rennur um blágrýtishluta Austurlands og er því talin fremur næringarefnasnauð. Berufjarðará er fiskgeng frá sjó um 3 km inn í land að Ástufossi á móts við býlið Melshorn. Einungis hefur fundist þar bleikja og er talið að það sé fyrst og fremst sjóbleikja. Í ljósi þess hversu takmarkaður hluti árinnar er fiskgengur er verndargildi þess svæðis hátt sökum mikilvægis þess fyrir bleikjustofn árinnar. Þá er neðsti hluti Berufjarðará mikilvægur sem hrygningarsvæði bleikju. Ennfremur segir í skýrslunni: „*Veglína Z liggur þvert yfir fjörðinn, neðan óss Berufjarðarár og mun ekki hafa marktæk neikvæð áhrif á vatnalífríki Berufjarðarár að því tilskildu að tryggð verði full vatnsskipti um brúna.*“

Náttúrustofa Austurlands og Náttúrustofa Vestfjarða könnuðu lífríki í fjöru og leiru í botni Berufjarðar í tengslum við ofangreint umhverfismat. Í framlagðri skýrslu<sup>21</sup> kemur fram að leira í botni Berufjarðar sé fremur gróf og hörð sandleira með hugsanlegum ferskvatnsáhrifum. Að norðanverðu sé lífvana fjara efst en þangbelti komi neðar uns leira

<sup>19</sup> Vegagerðin - Viðbrögð Vegagerðarinnar við umsögn Umhverfisstofnunar um leið Z um Berufjarðarbotn, umsögn frá 10.08.2015. Tölvupóstur frá Kristjáni Kristjánssyni.

<sup>20</sup> Benóný Jónsson og Karólína Einarssdóttir. Áhrif vegagerðar um Öxi og Berufjarðarbotn á vatnalíf. Veiðimálastofnun, nóvember 2008.

<sup>21</sup> Erlín Emma Jóhannsdóttir, Cristian Gallo og Þorleifur Eiríksson. Lífríki í fjöru og leiru í Berufirði. Náttúrustofa Austurlands og Náttúrustofa Vestfjarða, febrúar 2009.

taki við. Í niðurstöðum kemur m.a. fram að tegundasamsetning sé nokkuð einkennandi fyrir leirur og fjörur, þó fremur fábreytt bæði hvað varðar tegundafjölda og lífmassa. Engar sjaldgæfar tegundir dýra eða þörunga fundust á svæðinu eða tegundir sem sérstök ástæða þykir að vernda sérstaklega. Ennfremur segir að „*við lagningu veglinu Z er fjarðurinn þveraður og munu fjörur skerðast sem nemur vegarstæðinu sunnan og norðan fjarðar. Auk þess sem umhverfisaðstæður gætu breyst til hins verra fyrir lífríkið innan þverunarinnar ef ekki eru tryggð full vatnsskipti*“.

Í álti Skipulagsstofnunar dags. 15. apríl 2011 kemur fram að veglina Z „*muni hafa bein, verulega neikvæð og óafturkræf áhrif á leirur og ekki sé unnt að draga úr þessum áhrifum með mótvægisadgerðum*“. Í bréfi Vegagerðarinnar dags. 24. ágúst 2015<sup>22</sup> segir að „*allar veglinur Hringvegar um Berufjörð [sem lagðar voru fram í matsskýrslu] liggi úti í sjó á kafla og raski leirum. Veglina W snertir þær aðeins á mjög stuttum kafla en aðrar veglinur liggja um þær á 200-300 m kafla, nema veglina Q sem raskar leirunum á rúmlega 800 m löngum kafla*“. Þá segir „*að samfara leið Z myndu 1,5 % leirunnar skerðast. Síða skerðingu lítur Skipulagsstofnun á sem verulega neikvæða en Vegagerðin metur hana óverulega*“.

### 3.6 Fornminjar

Fornleifastofnun Íslands sá um skráningu fornleifa í tengslum við umhverfismat Axarvegar (939), Hringvegar (1) í Skriðdal og Hringvegar (1) um Berufjarðarbotn og voru fornleifar skráðar innan skilgreindis rannsóknarsvæðis.

Í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands kom fram að þrjár fornleifar (215:059 (garðlag), 215:014 (gata), 2015:054 (garðlag)) eru innan 100 m frá framkvæmdasvæði veglina Z, þar af tvær hinar síðar nefndu í stórhættu. Af þeim tillögum sem lagðar voru fram í matsskýrslu Vegagerðarinnar er veglina Z talin hafa óveruleg áhrif á fornleifar.

### 3.7 Hljóðvist

Íbúðarhús í Berufirði eru þrjú og liggur núverandi veglina um Berufjarðarbotn í 75 m fjarlægð frá einu þeirra, og í um 120 og 130 m fjarlægð frá hinum tveimur. Þá liggur vegurinn í um 120 m fjarlægð frá íbúðarhúsi í Hvannabrekku. Í matsskýrslu Vegagerðarinnar frá mars 2011 segir að nokkur umferðarhávaði fylgi umferð um núverandi veg og draga muni úr umferðarhávaða vegna betri hæðar- og planlegu nýs vegar. Þá mun draga úr hávaða vegna meiri fjarlægðar frá vegi að íbúðarhúsum í Berufirði og Hvannabrekku.

Í matsskýrslu kemur fram að umferð vinnuvéla við vega- og brúargerð muni fylgja hávaðamengun. Gera megi ráð fyrir að slík mengun verði mest á framkvæmdartíma.

## 4. Umhverfismat

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 en þar segir í 1. grein: „*Markmið þessara laga er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til*

<sup>22</sup> Vegagerðin - Viðbrögð Vegagerðarinnar við umsögn Umhverfisstofnunar um leið Z um Berufjarðarbotn, umsögn frá 10.08.2015. Tölvupóstur frá Kristjáni Kristjánssyni.

*umhverfissjónarmiða.*" Fjallar umhverfismat vegna breytingarinnar um að greina frá áhrifum hennar í samanburði við þá stefnu sem mörkuð er í staðfestu aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Með mati þessu er reynt að tryggja að ákvarðanataka um þá þætti sem taldir eru hafa umtalsverð áhrif á umhverfi verði skýr og gagnsæ. Þannig má líta á að í matsskýrslu sé að finna röksemdafærslu sveitarstjórnar um ákvarðanir og stefnumótun um veigamestu þætti skipulagsins.

#### 4.1 Helstu leiðir við gerð umhverfismats

Sú aðferðafræði sem notuð verður við gerð umhverfismatsins er eftirfarandi:

- Umhverfisvísar eru valdir með hliðsjón af Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020, framlögðum skýrslum Vegagerðinnar varðandi uppbyggingu Hringvegar um Berufjarðarbotn, og leiðbeiningum Skipulagsstofnunar.
- Farið verður yfir breytingar og þær metnar með tilliti til umhverfisvisanna.

#### 4.2 Yfirlit yfir umfang og efni umhverfismatsins

Í umhverfismatinu verður gerð grein fyrir áhrifum breyttrar veglínu Hringvegar um Berufjarðarbotn (sbr. lið 1.1). Áhrif breytinganna eru metin, rætt um mótvægisáðgerðir og áhrif núllkosta metin.

#### 4.3 Umhverfispættir og áhrif

Þeir umhverfispættir sem liggja munu til grundvallar umhverfismati vegna breytingar á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 byggja á eftirtöldum umhverfispáttum sem lýst er í 3. kafla:

- Landslag.
- Gróðurfar.
- Fuglar.
- Vatnalíf og lífríki í fjöru og leiru.
- Fornminjar.
- Hljóðvist.

#### 4.4 Viðmið umhverfisáhrifa

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggðu á eftirfarandi þáttum:

- Viðmiðum í íslenskum lögum og reglugerðum, stefnumörkun íslenskra stjórnvalda og skuldbindingu Íslands á alþjóðavísu.
- Greiningu sérfræðinga á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfispætti á framkvæmdasvæði.
- Umsögnum og athugasemdum lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings, sem liggja fyrir.

Við mat á umhverfisáhrifum var unnið eftir lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Ennfremur var stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um umhverfisskýrslu og um flokkun umhverfispáttta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

#### 4.5 Aðferð og framsetning

Umhverfismat þetta var unnið á þann hátt að gerðar voru venslatöflur, þar sem fram koma umhverfispættir, möguleg áhrif á þá eru skilgreind og þeim gefin einkunn sbr. eftirfarandi:

- + Aðalskipulagsbreytingin hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfispátt
- 0 Aðalskipulagsbreytingin hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfispátt
- Aðalskipulagsbreytingin hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfispátt
- ? Aðalskipulagsbreytingin hefur óljós áhrif á viðkomandi umhverfispátt

Til að vega á móti þeim neikvæðu áhrifum, sem fyrirhuguð framkvæmd getur haft á umhverfispætti getur komið til mótvægisáðgerða þar sem því verður við komið. Lagðar eru fram tillögur að mótvægisáðgerðum eftir mat á fyrirhuguðum áhrifum framkvæmdanna.

Í umhverfismati þessu er lega Hringvegar um Berufjarðarbotn skv. veglínu Z borin saman við núllkost sem er hér er sú veglína sem kemur fram í breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 sem staðfest var 5. febrúar 2014.

#### 4.6 Mat á umhverfisáhrifum

Útfærsla nýrrar veglínu Hringvegar um Berufjarðarbotn liggur fyrir öllum meginatriðum af hálfu Vegagerðarinnar. Tafla 2 sýnir áhrif framkvæmdarinnar og tafla 3 núllkost.

**Tafla 2. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna lagningar nýrrar veglínu Hringvegar um Berufjarðarbotn (veglínu Z).**

Umhverfispættir	Áhrif	Vægi
Landslag	Framkvæmdin mun hafa veruleg áhrif á landslag, og sjónræn áhrif hennar munu verða mikil.	-
Gróðurfar	Framkvæmdin hefur óveruleg áhrif á gróðurfar.	0
Fuglar	Framkvæmdin mun hafa veruleg áhrif á fuglalíf á leiru í botni Berufjarðar og æðarvarp á Staðareyri.	-
Vatnalíf og lífríki í fjöru og leiru	Framkvæmdin mun hafa veruleg áhrif á vatnalíf og lífríki í fjöru og leiru ef vatnsskipti eru ekki trygg.	- / ?
Fornminjar	Gera má ráð fyrir að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á fornminjar.	0 / -
Hljóðvist	Framkvæmdin mun draga úr hávaða fyrir íbúa í Berufirði og Hvannabrekku.	+

**Tafla 3. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna lagningar núllkosts sbr. breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020.**

Umhverfisþættir	Áhrif	Vægi
Landslag, jarðmyndanir og sjónræn áhrif	Framkvæmdin mun hafa töluberð áhrif á landslag, og sjónræn áhrif hennar munu verða töluberð.	-
Gróðurfar	Framkvæmdin hefur staðbundin neikvæð áhrif á gróðurfar og mun hafa nokkur áhrif á ræktarlönd í landi Hvannabrekku.	-
Fuglar	Framkvæmdin mun hafa veruleg áhrif á fuglalíf á leiru í botni Berufjarðar.	-
Vatnalíf og lífríki í fjöru og leiru	Framkvæmdin mun hafa veruleg áhrif á vatnalíf og lífríki í fjöru og leiru.	-
Fornminjar	Gera má ráð fyrir að framkvæmdin muni hafa áhrif á fornminjar.	- / ?
Hljóðvist	Framkvæmdin mun draga úr hávaða fyrir íbúa í Berufirði og Hvannabrekku.	+

#### 4.6.1 Niðurstaða

Ljóst er að óháð vali á nýrrri veglínu Hringvegar um Berufjarðarbotn mun framkvæmdin hafa neikvæð áhrif á landslag, fugla og lífríki í fjöru og leiru. Með þeirri breytingu á aðalskipulagi sem hér er til umfjöllunar, þ.e. færslu veglínu Hringvegar utar í fjörðinn má ætla að ný veglína verði meira áberandi í landslaginu en áður og hafi því mun neikvæðari áhrif á ásýnd svæðisins en fyri veglína. Sömuleiðis má víst telja að breytingin hafi neikvæðari áhrif á fuglalíf og lífríki í fjöru og leiru, jafnvel svo að ekki sé unnt að draga úr þeim með mótvægisáðgerðum, líkt og Skipulagsstofnun bendir á. Vegagerðin bendir þó á í bréfi dags. 24. ágúst 2015<sup>23</sup> að veglína Z geti mögulega haft jákvæð áhrif, t.d. fyrir fuglalíf, ef leiran í kjölfar framkvæmdanna breytist í mjúka sandleiru sem almennt hefur meira lífmagn en sand- og skeraleira. Til að vinna gegn neikvæðum áhrifum nýrrar veglínu verður að leitast eftir að fella hana sem best að landi og að lögð verði áhersla á að skerða óraskað land sem minnst, sýna aðgæslu þar sem unnið er í grennd við Berufjarðará, fjöru og leiru og græða upp svæði sem raskast eftir því sem við á.

Áhrif breytinganna á fornminjar eru talin vera óveruleg en fornminjar munu verða mældar og skráðar. Sé hætta á að fornminjum verði raskað skal leita umsagnar Minjastofnunar Íslands sbr. ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Sé litið til gróðurfars má telja víst að þessi breyting á legu Hringvegar muni hafa jákvæð áhrif þar sem minna flatarmál gróins lands fer undir vegginn. Þá má gera ráð fyrir að færsla veglínunnar dragi úr hávaða frá umferð fyrir íbúa í Berufirði og Hvannabrekku.

Sé litið til markmiða sveitarstjórnar Djúpavogshrepps um eflingu byggðar, atvinnu og öryggis er uppbygging Hringvegar um Berufjarðarbotn nauðsynleg til framtíðar litið.

<sup>23</sup> Vegagerðin - Viðbrögð Vegagerðarinnar við umsögn Umhverfisstofnunar um leið Z um Berufjarðarbotn, umsögn frá 10.08.2015. Tölvupóstur frá Kristjáni Kristjánssyni.

## **5. Greinargerð sveitarstjórnar skv. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.**

Með þessari breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 voru umhverfisáhrif tillögunnar metin með margvíslegum hætti og tekið tillit til þeirra eins og kostur var.

Breytingin tekur til breytrar legu Hringvegar um Berufjarðarbotn. Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er lögð ríkuleg áhersla á verndun umhverfis og sjálfbæra þróun og hefur sveitarstjórn ávallt lagt áherslu á að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda eins og kostur er. Í því tilfelli sem hér um ræðir stendur sveitarstjórn frammi fyrir tveimur slæmum kostum; a) að breyta aðalskipulagi með þeim hætti sem hér er kynntur eða b) fylgja eftir þeirri breytingu á aðalskipulagi sem staðfest var 5. febrúar 2014 og þá mögulega leggja út í átök og óvissu sem gætu fylgt eignarnámi.

Það er mat sveitarstjórnar Djúpavogshrepps að þrátt fyrir að sú framkvæmd sem hér er til umfjöllunar, hafi neikvæð áhrif á umhverfi og jafnvel neikvæðari áhrif en fyrri tillaga gerði ráð fyrir, þá sé samfélagslegur ávinningur að uppbyggingu Hringvegar um Berufjarðarbotn svo mikill að hann réttlæti þau neikvæðu umhverfisáhrif sem framkvæmdunum fylgja. Jafnhliða en lögð er á það þung áhersla að öllu raski verði haldið í algjöru lágmarki eins og kostur er.

Sveitarstjórn hefur tekið tillit til ábendinga og athugasemda í ferlinu. Að mati sveitarstjórnar verða fyrirhugaðar framkvæmdir mikið framfaraskref fyrir sveitarfélagið og telur sveitarstjórn að með aðalskipulagsbreytingu þessari hafi tekist að skapa víðtæka sátt um stefnu samgöngumála til framtíðar.

## 6. Viðaukar

### 6.1 Viðauki A – Grunnástand og viðmið

Grunnástand og viðmið til grundvallar mati á áhrifum áhrifaþátta á umhverfisþætti.

<b>Umhverfisþáttur</b>	<b>Grunnástand</b> - kafli í gr.gerð st.f. ASK - kafli í um.hv.skýrslu	<b>Viðmið til grundvallar mati á áhrifum áhrifaþátta</b> <b>Mun áhrifaþáttur hafa áhrif á ...</b>
<b>Landslag, jarðmyndanir og sjónræn áhrif</b>	2.1 og 2.4  3.1	Viðkvæm svæði?  Svæði sem lúta verndun með einhverjum hætti?  Sjónræn gæði?
<b>Gróðurfar</b>	1.6  3.2	Viðkvæm svæði?  Svæði sem lúta verndun með einhverjum hætti?  Stærð svæða?  Mikilvægi svæða?  Líffræðilegan fjölbreytileika?  Votlendissvæði?  Sjaldgæf vistkerfi, vistgerðir eða búsvæði?  Válistategundir?
<b>Fuglar</b>	2.6.2  3.3	Sjaldgæfar tegundir?  Válistategundir?
<b>Vatnalif og lífríki í fjöru og leiru</b>	2.6.5  3.5	Líffræðilegan fjölbreytileika?  Sjaldgæfar tegundir?  Válistategundir?
<b>Fornleifar</b>	3.2  3.6	Fjölda fornleifar?  Mikilvægi svæða?
<b>Hljóðvist</b>	3.7	Hljóðvist?  Ár og/eða læki?

## **6.2 Viðauki B – Umsagnir stofnana, athugasemdir á auglýsingatíma og umsagnir sveitarstjórnar Djúpavogshrepps**

Umrædd skjöl eru í eftirfarandi röð:

- Umsögn Minjastofnunar dags. 28. júlí 2015
- Umsögn Umhverfisstofnunar dags. 10. ágúst 2015
  - Svar Vegagerðarinnar við umsögn Umhverfisstofnunar ódags. Barst 24. ágúst 2015
- Umsögn Vegagerðarinnar dags. 20. júlí 2015
- Athugasemd frá sveitarstjórn Breiðdalshrepps dags. 24. nóvember 2015
  - Umsögn sveitarstjórnar Djúpavogshrepps dags. 10. desember 2015
- Athugasemd frá Fjarðabyggð dags. 24. nóvember 2015
  - Umsögn sveitarstjórnar Djúpavogshrepps dags. 10. desember 2015
- Athugasemd frá Eiði Ragnarssyni, ódags. Barst 25. nóvember 2015
  - Umsögn sveitarstjórnar Djúpavogshrepps dags. 10. desember 2015

**Umsögn Minjastofnunar**

Djúpavogshreppur  
Gauti Jóhannesson,  
sveitarstjóri  
Bakka 1  
765 Djúpivogur

28. júlí 2015  
MÍ201507-0051 / 6.08 / R.I.



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Tjarnarbraut 39b  
700 Egilsstaðir

(354) 570 13 10  
(354) 864 14 51

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)  
Kennitala: 440113-0280

---

**Efni: Lýsing á breytingu aðalskipulags Djúpavogshrepps - veglínna Z**

Með bréfi dagsett 15. júlí 2015 óskaði sveitarstjóri Djúpavogshrepps eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um lýsingu á breytingu aðalskipulags Djúpavogshrepps 2008-2020 dagsett 25. júní 2015 með viðbótum 14. júlí. Breytinging er fyrirhuguð vegna nýrrar legu Hringvegar um Berufjarðarbotn um veglinu Z. Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir veglinu Z af Fornleifastofnun Íslands (Þóra Pétursdóttir et al. (2008) *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda á Öxi og í botni Berufjarðar*, Fornleifastofnun Íslands FS403-08061).

Á bls. 46 í ofangreindri skýrslu segir: „Alls eru 3 fornleifar skráðar á áhrifasvæði veglinu Z. Garðlag 215:059 er í jaðri áhrifasvæðis veglínunnar og mætti auðveldlega hlífa því við raski. Leið 215:014 lá yfir leirur í botni fjardarins og austur með sjó beggja vegna hans. Henni hefur því þegar verið raskað af vegagerð í sunnanverðum firðinum, en ummerki hennar eru greinileg í norðanverðum firðinum. Garðagi 215:054 stafar stórhætta af framkvæmdum við veglínuna.“

Fornleifar þær sem nefndar eru í skráningarskýrslunni, sem og aðrar ókunnar sem mögulega leyнат í vegstæðinu, eru friðaðar með lögum. Í 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

---

Rúnar Leifsson  
Minjavörður Austurlands  
[runar@minjastofnun.is](mailto:runar@minjastofnun.is)

Hafa ber í huga að ef breyting þessi á aðalskipulagi verður samþykkt og vinna við veglinu Z heldur áfram þarf að hafa samráð við Minjastofnun Íslands vegna þeirra fornleifa sem eru innan áhrifasvæðisins. Leyfi þarf að fá fyrir raski friðaðra fornleifa og mun Minjastofnun eftir tilvikum fara fram á mótvægisadgerðir.

Minjastofnun gerir ekki frekari athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi.

Virðingarfallst,



Rúnar Leifsson  
Minjavörður Austurlands

Afrit sent: Skipulagsstofnun

## Umsögn Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun | Environment Agency of Iceland | Suðurlandsbraut 24 | IS – 108 Reykjavík | Tel: +354 591-2000 | Fax: +354 591-2020 | www.umhverfisstofnun.is | ust@umhverfisstofnun.is

Djúpavogshreppur  
Bakka 1  
765 Djúpivogur



Reykjavík 10. ágúst 2015  
UST201507-106/K.S.J.  
10.04.02

### Efni: Lýsing, Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020. Breytt lega hringvegar um Berufjarðarbotn

Visað er til erindis sveitarstjóra Djúpavogshrepps er barst 16. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020, breytt lega Hringvegar um Berufjarðarbotn, lína Z.

#### Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 – 2020

Í lýsingu kemur fram að í tillögu að breytu aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 felst breyting á veglinu um Berufjarðarbotn, þ.e. að upphaf veglinu verði í grennd við Reiðeyri og að veglinan þveri Berufjörð á grjótvörðum syllingum á um 0,88 km löngum kafla. Einnig kemur fram að á um 220 m löngum kafla mun veglinan fara yfir leirur í botni fjarðarins og að gert er ráð fyrir a.m.k. 50 m langri brú sem er áætlað að muni tryggja full vatnsskipti sjávarfalla og óhindrað rennsli Berufjarðarár til sjávar.

#### Veglína Z

Í ofangreindri lýsingu segir að í áltí Skipulagsstofnunar frá apríl 2011 komi fram að veglína Z muni hafa verulega neikvæð áhrif á landslag og ásýnd svæðisins og verulega neikvæð og óafturkraef áhrif á leirur og fugla. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fjallað verði um ofangreint álit Skipulagsstofnunar og mótvægisáðgerðir vegna hinna neikvæðu áhrifa.

#### Námur

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað verði um hvaða efnistökusvæði er áætlað að nýta ef til framkvæmdar veglinu Z kemur.

#### Brúarop

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að brúaropið verði nægilega stórt svo vatnsskipti verði næg fyrir lífríki innan brúar. Í lýsingu kemur fram að brú er áætluð 50 m löng. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ákvörðun um lengd brúar sé rökstudd.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

## Svar Vegagerðarinnar við umsögn Umhverfisstofnunar

12/7/2015

Gmail - Viðbrögð Vegagerðarinnar við umsögn Umhverfisstofnunar um leið Z um Berufjarðarbotn, umsögn frá 10.08.2015.



Pall Jakob Líndal <pall,jakob,lindal@gmail.com>

### Viðbrögð Vegagerðarinnar við umsögn Umhverfisstofnunar um leið Z um Berufjarðarbotn, umsögn frá 10.08.2015.

ingibjorg.m.palsdottir@vegagerdin.is <ingibjorg.m.palsdottir@vegagerdin.is>  
To: pall.jakob.lindal@gmail.com  
Cc: kristjan.kristjansson@vegagerdin.is

Mon, Aug 24, 2015 at 3:18 PM

Sæll Pall

Viðbrögð Vegagerðarinnar við umsögn Umhverfisstofnunar um leið Z um Berufjarðarbotn, umsögn frá 10.08.2015.

Veglína Z: Vegagerðin fjallaði ítarlega um og mat á umhverfisáhrif veglinu Z í mati á umhverfis-áhrifum Axarvegar, matsskýrsla dagssett í mars 2011. Þar er líka að finna svör Vegagerðarinnar við umsögn Umhverfisstofnunar um það mat,

Álit Skipulagsstofnunar á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar er annað en mat Vegagerðarinnar, það álit breytir ekki mati Vegagerðarinnar. Samanburður á mati Vegagerðarinnar og áliti Skipulagsstofnunar sést í meginatriðum í eftirfarandi töflu.

Tilvísun í matsskýrslu	Niðurstaða	
	Vegagerðarinnar	Skipulagstofnunar
6.12. Landslag og verndargildi svæða	talsverð neikvæð áhrif	veruleg neikvæð áhrif
6.5. Jarðfræði og jarðmyndanir	talsverð neikvæð áhrif	ekki metið
6.6 Gróðurfar	óveruleg neikvæð áhrif	talsverð neikvæð áhrif
6.7. Fuglalíf	talsverð neikvæð áhrif	veruleg neikvæð áhrif
6.9. Lífríki í fjöru og leiru	óveruleg neikvæð áhrif	veruleg neikvæð áhrif
6.10. Hreindýr	óveruleg neikvæð áhrif	ekki metið
6.8. Vatnalíf	óveruleg neikvæð áhrif	óveruleg neikvæð áhrif
6.11. Vatnafar og vatnsverndarvæði	óveruleg neikvæð áhrif	óveruleg neikvæð áhrif
6.4. Menningarmínjar	óveruleg neikvæð áhrif	óveruleg neikvæð áhrif
6.2. Landnotkun, útvist og verndarsvæði	óveruleg neikvæð áhrif	ekki metið
6.2. Landnotkun, verndarsvæði og útvist	óveruleg neikvæð áhrif	ekki metið
6.2. Útvist, verndarsvæði og Landnotkun (landbúnaður)	óveruleg neikvæð áhrif	nokkur neikvæð áhrif


Hins vegar mætti leiða hugann að rökum Skipulagsstofnunar fyrir neikvæðum áhrifum á gróðurfar, leirur og fugla. Álit Skipulagsstofnunar byggir á áliti Náttúrustofu Austurlands. Áhrif leiðar Z á gróðurfar eru eingöngu brotið land þ.e. á ræktluð tún.

Sé litið til rannsóknar á leirunni í Berufjarðarbotni segir m.a. í matskýrslu Vegagerðarinnar að framkvæmdirnar munu hafa neikvæð áhrif á fugla, aðællega þó í botni Berufjarðar, í bolni Berufjarðar munu áhrif þeirra verða talsverð. Áhrif framkvæmdanna á slormmálf verða mikil, Slormmálfur er sjaldgæfur á áhrifasvæðinu og er eini þekkti varpstaður hans á eyri í Berufjarðará, þar sem fyrirhuguð er efnistaka úr námu A-12, Náman er fyrirhugaður efnistökustaður, óháð vali á veglinu. Við efnistökuna má gera ráð fyrir að slormmálfsvarpi verði eylt og að áhrif

12/7/2015

Gmail - Viðbrögð Vegagerðarinnar við umsögn Umhverfisstofnunar um leið Z um Berufjardarbotn, umsögn frá 10.08.2015.

fyrirhugaðra framkvæmda á stommáf verði verulega neikvæð. Eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan er stommáfsvarpið á lítlu svæði og vel mælti haga efnistöku þannig að við því yrði ekki hróflað. Efnistaka í námu A-12 er háð leyfi Fiskistofu. Efnistaka fer ekki fram meðan fiskur er í ánni þ.e. á veiðitíma.



Um lífríki í fjöru og leiru segir að allar veglínur Hringvegar um Berufjörð liggi úti í sjó á kafla og raski leirum. Veglina W snertir þær aðeins á mjög sluttum kafla en aðrar veglínur liggja um þær á 200-300 m kafla, nema veglina Q sem raskar leirunum á rúmlega 800 m löngum kafla. Leirur og vollendi teljast til vistkerfa sem njóla sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Ennfremur kemur fram að samfara leið Z myndu 1,5 % leirunnar skerðast. Sílik skerðingu lítur skipulagsstofnun á sem verulega neikvæða en Vegagerðin metur hana óverulega.

Um leiruna kemur fram að hún sé fremur gróf og hörð sandleira með hugsanlegum ferskvatnsáhrifum. Við ferskvatnsáhrif breytast ýmsir umhverfisþættir, einkum selta, Tegundum fækkar oft við áreyrar eftir því sem innar dregur og seltan verður lægri.

Niðurstöðurnar benda til þess að lífríkið í þeim hluta leirunnar og fjörunnar sem var skoðað sé fremur fábreytt með litlum lífmassa. Engar sjaldgæfar tegundir dýra eða þörunga fundust né heldur tegundir sem þykir sérstök ástæða til að vernda.

Sé lítið til hönnunar vegar samkvæmt leið Z og staðsetningu brúar má fastlega gera ráð fyrir að megin farvegur ánnar verður meðfram suðurlandinu og meginhluti fínefnisins í framburði árinna mun leita út úr straumnum og falla til botns til hliðar þ.e. yfir alla leiruna norðan nýja farvegarins. Smá saman gæti leiran því breyst úr grófri og harðri sandleiru í mýkni leiru með sylti og leir í yfirborði. Lífmagn sílkrar leiru er að jafnaði meira en sand- eða skeraleiru og því ekki loka fyrri það skotil að vegþverunin gæti haft ákveðin jákvæð áhrif a,m,k, hvað varðar magn fæðu fyrir fugla.

Engar framkvæmdir verða á varpssvæðum á varptíma,

**Námur:** Á aðalskipulagsupprátt Djúpavogshrepps 2008-2020 vantar eftirtaldar tvær námur og nauðsynlegt að bæta þeim inn á nýjan upprátt:

Námu B2 við Beitivelli

Námu A-14 við Krosslæk

Engar námur á gildandi skipulagsupprætti má fjarlægja, því þær nýlast við lagningu Axarvegar.

Námur finnast á meðfylgjandi skrá (namur\_2015\_allar.dgn)

12/7/2015

Gmail - Viðbögð Vegagerðarinnar við umsögn Umhverfisstofnunar um leið um Berufjarðarbotn, umsögn frá 10.08.2015.

**Brúarop:** Brúarop er miðað við straumálag en ekki vatnsskipti. Miðað er við straumhraða 2,0 m/sek. Sú viðmiðun leiðir til mun stærra brúarops en þarf til að tryggja óbreytt vatnsskipti

Með kveðju, f.h. Kristjáns Kristjánssonar,

Ingibjörg M. Pálsdóttir, deildarstjóri  
Bóka- og skjalasafns

Vegagerðin  
Borgartún 5-7  
105-Reykjavík  
S:522 1095  
[imp@vegagerdin.is](mailto:imp@vegagerdin.is)

## Umsögn Vegagerðarinnar



Djúpavogshreppur  
Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri  
Bakki 1  
765 DJÚPIVOGUR

Reykjavík, 20. júlí 2015  
Tilvisun: 2013070010  
EBJ/

### Efni: Breyting á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020: Breytt lega Hringvegar um Berufjarðarbotn - veglíná Z

Vegagerðin hefur mótttekið erindi Djúpavogshrepps, dags. 15.07.2015, varðandi skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020 í tilefni af tillögu um breytta veglíná Hringvegar um Berfjarðarbotn, svokallaða veglíná Z.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Virðingarfyllst,

  
Eiríkur Bjarnason  
forstöðumaður áætlanadeildar

Afrit: Sveinn Steinsson svæðisstjóri Austursvæðis

Athugasemd frá sveitarstjórn Breiðdalshrepps

**Breiðdalur**  
...brosir við þér



Breiðdalshreppur  
760 Breiðdalsvík

[www.breiddalur.is](http://www.breiddalur.is)

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps  
765 Djúpivogur

Efni: Athugasemd frá sveitarstjórn Breiðdalshrepps vegna auglýsingar á breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps.

Sveitarstjórn Breiðdalshrepps fagnar þeim miklu vegabótum sem framundan eru með lagningu nýs vegar um botn Berufjarðar og hvetur til að framkvæmdum verði flýtt eins og kostur er.

Sveitarstjórn Breiðdalshrepps gerir athugasemd við eitt atriði í tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogs 2008 til 2020 sem Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti að auglýsa þann 29. september 2015.

Athugasemdin varðar gatnamót vegar í botni Berufjarðar vegna nýrrar veglinu, veglinu Z. Í tillögunni sem sveitarstjórn Djúpavogs samþykkti segir: „*Þá leggur sveitarstjórn áherslu á að Axarvegur verði ráðandi vegur, enda hafa kannanir rennt stoðum undir að meðalumferð um Öxi væri mun meiri en meðalumferð um norðanverðan Berufjörð ef sá fyrrnefndi yrði bættur*“.

Sveitarstjórn Breiðdalshrepps telur óeðlilegt að þjóðvegur nr 1 verði víkjandi á þessum stað og gerir kröfu um að þjóðvegur 1 verði ráðandi vegur, en ekki vegurinn yfir Öxi. Gatnamót við veg yfir Öxi verði með þeim hætti að þjóðvegur 1 hafi forgang og vegur yfir Öxi verði tekinn út af þjóðvegi 1 annað hvort með T-gatnamótum eða annarri útfærslu, þar sem umferðaröryggi verði haft í fyrrírum.

Um þjóðveg 1 og síðan aðra vegi um firði fara mest allir þungaflutningar ekki síst á vetrum við erfðar aðstæður. Sveitarstjórn Breiðdalshrepps telur augljóst, að þjóðvegur 1 eigi að vera aðalvegur á þessum stað.

Því er lagt til að gatnamótum vegna veglinu Z verði breytt í samræmi við þetta og gatnamótin verði þannig að þjóðvegur 1 verði ráðandi vegur en leiðin yfir Öxi verði tekin út af þjóðvegi 1 sem víkjandi leið með biðskyldu við gatnamótin, eða að önnur sambærileg leið verði valin, sem sérfraðingar Vegagerðarinnar telja heppilegasta.

Breiðdalsvík 24. 11. 2015  
f.h. sveitarstjórnar Breiðdalshrepps

*Hákon Hansson*

Hákon Hansson  
oddviti

## Umsögn sveitarstjórnar Djúpavogshrepps



Oddviti Breiðdalshrepps  
Selnesi 25  
760 Breiðdalsvík



Djúpivogur, 10. desember 2015

**Efni: Breyting á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020. Færsla á Hringvegi um Berufjarðarbotn - veglína Z. Svör við athugasemdu.**

Visað er til athugasemdar sveitarstjórnar Breiðdalshrepps dags. 24. nóvember 2015.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps þakkar sveitarstjórn Breiðdalshrepps fyrir góða hvatningu, jákvæð orð og auðsýndan áhuga á fyrirhugaðum framkvæmdum við lagningu nýrrar veglinu Hringvegar um Berufjarðarbotn. Sveitarstjórn Djúpavogshrepps getur fullvissað sveitarstjórn Breiðdalshrepps að hún muni gera allt sem í hennar valdi stendur til að flýta framkvæmdum eins og kostur er.

Í athugasemdu sveitarstjórnar Breiðdalshrepps kemur fram að óeðlilegt sé að Hringvegur (þjóðvegur 1) verði vikjandi á vegamótum fyrirhugaðs Axarvegar og Hringvegar um Berufjarðarbotn og gerir sveitarstjórn „*kröfu um að þjóðvegur 1 verði ráðandi vegur, en ekki vegurinn yfir Öxi. Gotnamót við veg yfir Öxi verði með þeim hætti að þjóðvegur 1 hafi forgang og vegur yfir Öxi verði tekinn út af þjóðvegi 1 annað hvort með T-gotnamótum eða onnarri útfærslu, þar sem umferðaröryggi verði haft í fyrirrúmi.*”

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps bendir á að í núgildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins kemur fram að gert sé ráð fyrir uppbyggingu heilsársvegar um Öxi (Ayarvegur), frá botni Berufjarðar að þjóðvegi 1 í Skriðdal, þannig að umferð um veginn verði tryggð með öruggum hætti allan ársins hring. Jafnframt hafa kannanir Vegagerðarinnar, líkt og sveitarstjórn Breiðdalshrepps bendir á í bréfi sínu, rennt stoðum undir að meðalumferð um Öxi yrði mun meiri en meðalumferð um veginn um norðanverðan Berufjörð ef sá fyrnefndi yrði bættur. Í ljósi þessarar stefnu telur sveitarstjórn Djúpavogshrepps á engan hátt óeðlilegt heldur einungis rökrétt að Hringvegur (þjóðvegur 1) tengist fyrirhugaðum, uppbyggðum heilsársvegi um Öxi með T-vegamótum. Undir þetta hefur Vegagerðin tekið en að undangenginni ítarlegri skoðun hefur stofnunin komist að því að framlögð skipulagstillaga sé bæði vegtækni- og skipulagslega besti kosturinn.

Að þessu sögðu er sveitarstjórn sannfærð um að við útfærslu vegamótanna muni Vegagerðin kappkosta að hámarka umferðarlæði og tryggja öryggi vegfarenda.

### Djúpavogshreppur

Reitnúmer  
Búskýr 1  
768 Djúpavogur

Síða  
178/828

Hljóðum  
178/828

Nafnþrógr  
sveitarstjóri@djupavogur.is

Vegfarið  
djupavogur.is

Kontakt  
573997-7298

Þá segir ennfremur í athugasemdum sveitarstjórnar Breiðdalshrepps að „um þjóðveg 1 og síðan aðra vegi um firði fara mest allir þungaflutningar ekki síst á vetrum við erfiðar aðstæður. Sveitarstjórn Breiðdalshrepps telur augljóst, að þjóðvegur 1 eigi að vera aðalvegur á þessum stað.“

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps getur ekki séð að T-vegamót í botni Berufjarðar þar sem Hringvegur (þjóðvegur 1) er víkjandi, komi til með að vera slíkur farartálmí að sérstaklega þurfi að huga að þeim umfram önnur vegamót á stofnvegum eða þjóðvegi 1 sem uppbyggð eru með sambærilegum hætti. Viða um land má finna fyllilega sambærileg vegamót, s.s. T-vegamót á Suðurljóðarvegi (nr. 96) í botni Fáskrúðsfjarðar, T-vegamót Hringvegar og Hafnarvegar (nr. 99) nærri Höfn í Hornafirði, T-vegamót Hringvegar og Suðurfjarðarvegar nærri Breiðdalsvík, og T-vegamót Hringvegar og Upphéraðsvegar (nr. 931) við Úlfssstaði. Sveitarstjórn Djúpavogshrepps tekur undir orð sveitarstjórnar Breiðdalshrepps að fáir aðrir kostir séu fyrir þungaflutninga um firði en að aka um Hringveg (þjóðveg 1) og aðra stofnvegi, ekki síst að vetrarlagi. Þessi punktur er einmitt ein af ástæðum þess að Djúpavogshreppur hefur lagt áherslu á uppbyggingu heilsársvegar um Öxi.

Niðurstaðan sveitarstjórnar Djúpavogshrepps er því sú að athugasemdir sveitarstjórnar Breiðdalshrepps séu ekki til þess fallnar að kalla á endurskoðun á fyrirliggjandi skipulagstillögu. Sveitarstjórn Djúpavogshrepps mun því halda sig við skipulagstillöguna í óbreyttri mynd í því skyni að ná fram þeim markmiðum sem fram koma í núgildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins.

f.h. sveitarstjórnar Djúpavogshrepps

  
Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri  


**Athugasemd frá Fjarðabyggð**

Djúpavogshreppur  
Gauti Jóhannesson sveitarstjóri  
Bakka 1,  
765 Djúpavogi

Fjarðabyggð, 24. nóvember 2015  
Tilvísun 1511131/14.1.1

**Athugasemd er varðar tillögu að breytti legu hringvegar um Berufjarðarbotn**

Sveitarfélagið Fjarðabyggð sagnar því að til standi að leggja bundið slitlag á vegkafla um Berufjörð sem er eini hluti hringvegar frá sveitarfélagini til Reykjavíkur sem er ómalbikaður. Hefur þetta töluverð áhrif á umferðaröryggi þeirra sjölmörgu aðila sem aka þessa leið allan ársins hring, ásamt þungum flutningabifreiðum sem flytja vörur og fiskafurðir milli landshluta.

Jáfnframt sagnar sveitarfélagið Fjarðabyggð því að samkvæmt tillöggunni sé veglinan um Berufjarðarbotn nú færð utar en er í gildandi skipulagi. Hins vegar gerir sveitarfélagið athugasemd við að samkvæmt tillöggunni sé gert ráð syrir T gatnamótum við Reiðeyri og að Axarvegur skuli vera gerður ráðandi í ljósi þess að uppbrygging hans hefur ekki átt sér stað.

Samkvæmt samróma álíti landeiganda í Berufjarðarbotni hafa þeir skorað á sveitarstjórn Djúpavogshrepps að huga að veglinu Q eða Z og leggjast gegn því að hringvegur um Berufjarðarbotn tengist Axarvegi með T gatnamótum. Fjarðabyggð tekur heilshugar undir þá áskorun og bendir sérstaklega á öryggissjónarmið og rauntölur á umferð því til stuðnings.

Í skipulagstillöggunni er vitnað í umferðarkönnun, sem gerð var tvo sumardaga árið 2008, sem rök syrir því að Axarvegur verði ráðandi vegur eftir uppbryggingu. Ef umferðartölur eru hinsvegar skoðaðar og sá umferðaþungi sem sannarlega fer um Berufjarðarbotn, kemur annað í ljós. Með því að skoða ársmeðaltöl á mælingastöðum Vegagerðarinna árið 2014 má sjá að skv. ársmeðaltali keyrðu 599 bílar gegnum Fáskrúðsfjarðargöng, 247 bílar keyrðu um Kambanes og 229 bílar keyrðu við Gautavík, en á sama tíma keyrðu 108 bílar að ársmeðaltali yfir Öxi. Á öllum talningastöðum hefur umferð aukist jafnt og þétt síðan 2008 eftir smá niðursveiflu milli 2010 og 2011. Meðfylgjandi er yfirlit um þróun umferðar frá 2008 til 2014.

Nefnt hefur verið að T gatnamót sem þessi þekkist víðar við hringveginn. Sú staðreynd réttlætir ekki að haldið sé áfram á þeiri vegferð, heldur er mikilvægt vegna öryggissjónarmiða að unnið sé að því að fækka þeim frekar en fjölgar.

Fjarðabyggð  
Hafnarstræti 2  
730 Fjarðabyggð

Sími 470 9000  
[www.fjardabyggd.is](http://www.fjardabyggd.is)  
þú eit a góðum stað

Mjóifjörður  
Norðfjörður  
Eskifjörður

Reyðarfjörður  
Fáskrúðsfjarður  
Stuðvarfjörður

Fjarðabyggð  
Bæjarstjóri



Í umraðunni hefur réttilega verið bent á að sveitarfélög fara með skipulagsvald hvert á sínu svæði. Tekur Fjarðabyggð heils hugar undir þau sjónarmið, en í ljósi alls framangreinds og þeirra miklu þungaflutninga sem fara um Austfirði allan ársins hrинг, er með öllu óásættanlegt að sumarvegur yfir Öxi sé gerður ráðandi vegur samkvæmt skipulagi með T gatnamótum. Er því beint til skipulagsyfirlvalda að hafa öryggi vegfarenda í huga ásamt raunverulegum talningum Vegagerðarinnar á þessu svæði, sem sína tölulegar staðreyndir ráðandi umferðar um og við Berufjarðarbotn.

F.h. Fjarðabyggðar,

Páll Björgvin Guðmundsson  
bæjarstjóri

Afrit Vegagerðin



Fjarðabyggð  
Hafnarfjörðu 2  
730 Fjarðabyggð

Sími 470 9000  
www.fjardabyggd.is  
þú er á góðum stað

Mjóifjörður  
Nordfjörður  
Eskifjörður


Reyðarfjörður  
Féskrúðsfjörður  
Stóðvarfjörður



### Árleg meðaltalsumferð á dag - ÁDU



### Meðaltal bila á dag yfir sumarmánuði - SDU



A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Guðrún Jónsdóttir".

## Umsögn sveitarstjórnar Djúpavogshrepps



Bæjarstjóri Fjarðabyggðar  
Hafnargötu 2  
730 Fjarðabyggð

Djúpivogur 10. desember 2015

**Efni: Breyting á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020. Færsla á Hringvegi um Berufjarðarbotn - veglina Z. Svör við athugasemd.**

Visað er til athugasemdar Fjarðabyggðar dags. 24. nóvember 2015.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps tekur undir með Fjarðabyggð að það sé fagnaðarefní að lagning bundins siltlags á vegkfla um Berufjörð standi fyrir dýrum.

Í bréfi Fjarðabyggðar kemur fram að sveitarfélagið geri athugasemd við að gert sé „ráð fyrir T gatnamótum við Reiðeyri og að Axarvegur skuli vera gerður ráðandi í ljósi þess að uppbygging hans hefur ekki ótt sér stað“.

Það er mat sveitarstjórnar Djúpavogshrepps að hér gæti ákveðins misskilnings hvað varðar markmið og hlutverk aðalskipulags en skv. 1. mgr. 28. gr. skiplagslag nr. 123/2010 er í aðalskipulagi „sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi [...] samgöngu- og þjónustukerfi“. Þá segir m.a. í 4. mgr. 28. gr. sömu laga: „I aðalskipulagi skal marka stefnu til a.m.k. tólf ára“. Í 5. mgr. sömu laga segir enn fremur: „Skipulagsgreinargerð aðalskipulags skal lýsa rökstuddri stefnu sveitarstjórnar um [...] samgöngu- og þjónustukerfi [...] í sveitarfélagini ásamt umhverfismoti aðalskipulagsins“.

Hvað uppbyggingu Axarvegar og Hringvegar um Berufjarðarbotn varðar hefur sveitarstjórn Djúpavogshrepps fyrir margt löngu sett fram rökstudda stefnu og liggur hún fyrir í nágildandi aðalskipulagi. Í greinargerð aðalskipulags kemur fram að gert sé ráð fyrir uppbyggingu heilsársvegar um Öxi (Akarvegur), frá botni Berufjörðar að þjóðvegi 1 í Skriðdal, þannig að umferð um veginn verði tryggð með öruggum hætti allan ársins hring. Jafnframt vill sveitarstjórn vekja athygli á því að allt frá því nágildandi aðalskipulag var samþykkt 24. febrúar 2010, hefur legið fyrir að Hringvegur um Berufjarðarbotn myndi tengjast fyrir huguðum Axarvegi með T-vegamótum og vera víkjandi. Sú ákvörðun er skv. aðalskipulagi liður í því að styrkja vegakerfi sveitarfélagsins og stytta vegalengdir milli sveitarfélagsins og miðsvæðis Austurlands. Hér er því um að ræða mikil hagsmunamál fyrir Djúpavogshrepp sem og aðra vegfarendur. Niðurstöður könnunar Vegagerðarinnar hafa stutt það sjónarmið, en þar kemur fram að meðalumferð um Axarveg yrði mun meiri en um norðanverðan Berufjörð ef så fyrri nefndi yrði bættur. Sveitarstjórn vill jafnframt vekja athygli á að

### Djúpavogshreppur

Önnunarfjölding	Um	Vestur	Vestring	Vopnafjöldi	Komulag
þáð	475 878	428 815	6000	148	1000

CE

Vegagerðin hefur að undangenginni itarlegri skoðun komist að því að T-vegamót í samkvæmt gildandi aðalskipulagi sé besti kosturinn bæði í vegtækni- og skipulagslegum skilningi.

Sé horft til markmiðs og hlutverks aðalskipulags um að vera stefna sveitarstjórnar til a.m.k. tólf ára, stenst það engan veginn að framlögð skipulagstillaða sé ótímabær og hún þurfi að aðlaga sig núverandi aðstæðum. Almennt séð, hlýtur þessi málflutningur að ganga í berhögg við allt almennt vinnulag við stefnumótun, því samkvæmt honum er ekki hægt að leggja fram stefnu til framtíðar öðruvísi en fyrirfram sé búið að framlýglja henni. Það virðist því nokkuð ljóst Fjarðabyggð ruglar stefnumótun í aðalskipulagi saman við tæknilegt úrlausnarefní við framfylgd skipulagsins.

Vissulega er það svo að áætlanir gera ráð fyrir lagningu nýs Hringvegur um Berufjarðarbotn áður en kemur til framkvæmda við lagningu nýs Axarvegar. Sveitarstjórn telur enga ástæðu til annars en að ætla að Vegagerðin sé þess megnug að hanna og útfæra umrædd vegamót þannig að á öllum línum sé öryggi hámarkað og umferðarflæði gott.

Í athugasemd Fjarðarbryggðar segir einnig að landelgendor í Berufjarðarbotni hafl „skorad ó sveitarstjórn Djúpavogshrepps að huga að veglinu Q eða Z og leggjost gegn því að hringvegur um Berufjarðarbotn tengist Axarvegi með T götnamótum. Fjarðabyggð tekur heilshugar undir þá áskorun og bendir sérstaklega ó öryggissjónarmið og rauntölur á umferð því til stuðnings“.

Likt og rakið er í framlögðum gögnum sem fylgja þeirri breytingu á aðalskipulagi sem hér er til umræðu, þá má rekja ástæðu þess að farið var úti þá breytingu á aðalskipulagi sem nú er til umræðu, til bréfs landeigenda dags. 20. apríl sl. Sveitarstjórn telur sig því hafa brugðist við þeirri áskorun í öllum meginatriðum, likt og öllum sem kynnt hafa sér málavexti ætti að vera fullkunnugt um.

Sveitarstjórn veit ekki til þess að nein gögn sem sýna fram á það að sú tillaga að T-vegamótum, sem hér er til umræðu, dragi úr öryggi vegfarenda. Þvert á móti hefur Vegagerðin, likt og áður hefur komið fram, staðfest að undangenginni itarlegri skoðun að framlögð tillaga sé besti kosturinn bæði þegar horft er til vegtækni- og skipulagslegra atriða.

Þá segir í athugasemd Fjarðarbryggðar: „Í skipulagstillögnum er vitnað í umferðarkönnun, sem gerð var tvö sumardaga árið 2008, sem rök fyrir því að Axarvegor verði ráðandi vegur eftir uppbyggingu. Ef umferðartölur eru hinsvegar skoðaðar og sá umferðarþungi sem sannorlega fer um Berufjarðarbotn, kemur annað í ljós. Með því að skoða ársmeðaltöl Í mælingastóðum Vegagerðarinnar árið 2014 má sjá að að skv. ársmeðaltali keyrðu 599 bílar gegnum Fáskrúðsfjarðargöng, 247 bílar keyrðu um Kambanes og 229 bílar keyrðu um Gautavík, en á sama tíma keyrðu 108 bílar að ársmeðaltali yfir Öxi.“

Að mati sveitarstjórnar Djúpavogshrepps stenst þessi málflutningur enga skoðun. Að samanburður á annars vegar rauntölum umferðar um uppbyggðan Hringveg með fulla þjónustu árið um kring og hins vegar rauntölum umferðar um óuppbyggðan malaveg með þjónustu sem fellur undir G-reglu Vegagerðarinnar varðandi vetrarþjónustu<sup>1</sup>, leiði i ljós meiri

<sup>1</sup> Hænbók um vetrarþjónustu. Vegagerðin – þjónustudeild, nóvember 2012. Sjá:



umferð um þann fyrnefnda á ársgrundvelli ber einfaldlega heilbrigðri skynsemi vegfarenda fagurt vitni en getur ekki undir neinum kringumstæðum skapað forsendur til að draga í efa niðurstöður þeirrar könnunar Vegagerðarinnar sem vitnað er til.

Ennfremur segir í athugasemd Fjarðabyggðar: „*Nefnt hefur verið að T gatnamót sem þessi þekkist viðar við hringveginn. Sú staðreynd réttlætir ekki að haldið sé áfram ó þeiri vegferð, heldur er mikilvægt vegna öryggissjónarmiða að unnið sé oð því að sækka þeim frekar en fjölgar.*“

Að mati sveitarstjórnar Djúpavogshrepps hefði verið málfnalegra að vísa í haldbær gögn í stað byggja athugasemdir á einhverju sem „nefnt hafi verið“ án rökstuðnings. Til að ítreka það þá telur sveitarstjórn eðlilegt að umferðarþungi til framtíðar, frekar en vagnúmer og –heiti, stjórní því hvor vegurinn sé ráðandi, einmítt til að tryggja umferðaráryggi. Í öðru lagi bendir sveitarstjórn á að verði Axarvegur gerður víkjandi muni vegamótin lærað nær sjó eða hreinlega út á sjó með tilheyrandí ógn við öryggi vegfarenda. Sem dæmi má nefna að einstaklr landeigendur hafa einmítt varað stórlega við sjórokli á þessum slóðum<sup>2</sup>. Það má svo ítreka, það sem sagt hefur verið hér á undan, að Vegagerðin telur fyrirliggjandi tillögu um vegamót í botni Berufjarðar besta kostinn.

Það er stefna sveitarstjórnar Djúpavogshrepps að tryggja sem frekast er unnt umferðaráryggi innan sveitarfélagsins. Að þessu sögðu undrast sveitarstjórn engu að síður ríka áherslu Fjarðabyggðar á umferðaráryggi tengdum umræddum T-vegamótum, sérstaklega þar sem innan sveitarfélagsmarka Fjarðabyggðar eru viða sambærileg vegamót á stofnvegum. Óháð vagnúmerum og –heitum má, samkvæmt þelm umferðartölum sem Fjarðabyggð setur fram í athugasemd sinni, vænta að umferðarþungi um þau vegamót sé mun meiri en umferðarþungi í botni Berufjarðar.

Að endingu segir í athugasemd Fjarðabyggðar: „*Umraðunni hefur réttilega verið bent á að sveitarfélög fara með skipulagsvald hvert á sínu svæði. Tekur Fjarðabyggð heils hugar undir þau sjónarmið, en í ljósi alls framangreinds og þeirra miklu þungaflutninga sem fara um Austfirði allan ársins hring, er með öllu ósættonlegt að sumarvegur yfir Öxi sé gerður ráðandi vegur samkvæmt skipulagi með T gatnomótum. Er því beint til skipulagsyfirvalda að hafa öryggi vegfarenda í huga ósamrt raunverulegum talningum Vegagerðarinnar á þessu svæði, sem sýna tólfugor staðreyndir ráðondi umferðar um og við Berufjarðarbotn.*“

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps vekur athygli Fjarðabyggðar á þeirri staðreynd að skipulagsvald sveitarfélaga er bundið í lög. Hvaða skoðanir Fjarðabyggð hefur á gildandi lögum er málinn óviðkomandi.

<sup>1</sup> [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/handbok\\_vetrarthjontstu/\\$file/Handb%C3%B3k%20vetrar%C3%BE%C3%83nustu.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/handbok_vetrarthjontstu/$file/Handb%C3%B3k%20vetrar%C3%BE%C3%83nustu.pdf)

<sup>2</sup> Helga Adalgeirsdóttir, Magnús Björnsson og Sóley Jónasdóttir. Axarvegur (1) i Skriðdal og Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn. Mat á umhverfisáhrifum - Matsskýrsla. Vegagerðin, mars 2011.

Að lokum, þá hvetur sveitarstjórn Djúpavogshrepps Fjarðabyggð til að kynna sér efnin greinargerðar Aðalskipulags Djúpavogshrepps 2008 – 2020 þar sem kemur fram að stefnt verði á uppbyggingu heilsársvegar yfir Öxi<sup>3</sup>.

Samkvæmt orðanna hljóðan ætti öllum að vera ljóst að ekki er verið að tala um sumarveg. Sveitarstjórn hvetur Fjarðabyggð til að kynna sér hér eftir betur málavexti áður en ráðist er í skrif á athugasemd sem þessari.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps telur ekki þörf á endurskoðun fyrilliggjandi tillögu í ljósi athugasemda Fjarðabyggðar.

f.h. sveitarstjórnar Djúpavogshrepps



Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri



<sup>3</sup> Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 – 2020 (bls. 172). Sjá:  
[http://www.djupivogur.is/data/adalskipulag/adalskipul\\_greinarg\\_final.pdf](http://www.djupivogur.is/data/adalskipulag/adalskipul_greinarg_final.pdf)

## Athugasemdir frá Eiði Ragnarssyni

Athugasemdir við Aðalskipulagsbreytingu vegna breytrar veglínus þjóðvegar 1 um Berufjarðarbotn

„Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 segir að innan sveitarfélagsins sé ástand Hringvegar í þokkalegu horfi. Í mati á umhverfisáhrifum Axarvegar (939), Hringvegar (1) í Skriðdal og Hringvegar (1) um Berufjarðarbotn dags. Í mars 2011 kemur fram að á 8,3 km kafla núverandi Hringvegar um Berufjarðarbotn sé ekki bundið slitlag og þar sé umferðaröryggi ábótavant1. Í matsskýrslu kemur fram að vegurinn kljúfi jarðirnar Hvannabrekku og Berufjörð að endilöngu og á honum séu krappar beygjur, brattar brekkur og einbreið brú, auk þess sem hæðarlega vegarins sé mjög slæm og umferðaröryggi ábótavant.“

Þessar meginháherslur sýna að breytingar á veglínus þjóðvegar 1 séu af hinu góða og því ber að fagna að niðurstaða hafi náðst í þessu máli sem búið er að vera umdeilt mjög lengi.

Þrátt fyrir þessa sátt og breytingu byggða á henni þyrfti að mati undirritaðs að endurskoða hönnun gatnamóta við Axarveg einmitt með tilliti til umferðaröryggis og umferðarþunga. T gatnamót á þessum stað, eru ekki tímabær þar sem ekki er komið að framkvæmdum við Axarveg að svo stöddu og því væri eðlilegt að umferðarþungi stjórni því hvernig veglínan og vegamótin eru hönnuð. Einnig er rétt að benda á að meðan Öxi er ekki heilsásvegur, skapar það óþarfa umferð og þar með hættu, að beina umferð með þessum hætti inn á veg sem ekki hefur neina vetrarþjónustu.

Dæmi undanfarin ár sýna svo að ekki verður um villst að það ætti að vera markmið veghaldara og skipulagsfyrvalda að beina umferð öruggstu leið með mestu þjónustu án þess þó að loka á möguleika fyrir stytingu þegar Axarvegur er fær.

Þessu til rökstuðnings, þá má benda á að norðan Axarvegamóta er ÁDU 229 bílar og SDU 421 bílar árið 2014, en sunnan Axarvegamóta eru ÁDU 300 bílar og SDU 610 bílar sama ár, samkvæmt talningu Vegagerðarinnar. Umferð um Axarveg eru á þessu sama tímabili ÁDU 108 og SDU 263 það liggur því ljóst að umferð um Berufjarðarbotn er mun meiri en umferð um Öxi og því ætti áhersla að vera á vegamót með T gatnamót á Axarveg í komandi framkvæmdum.

Komi hinsvegar til framkvæmda við Axarveg má leiða líkur að því að umferðarþungi myndi breytast og það gæti því verið hluti af þeim framkvæmdum að breyta þessum gatnamótum til að mæta áætlaðri breytingu á umferðarþunga.

Því er mælst til þess með ofantalið í huga að Sveitarstjórn endurskoði legu þessara gatnamóta í samstarfi við Vegagerðina til að tryggja að markmið gildandi Aðalskipulags Djúpavogshrepps nái fram að ganga og til að tryggja öryggi íbúa og annarra vegfarenda sem erindi eiga um okkar fallega sveitarfélag.

### Virðingarfyllst

Eiður Ragnarsson  
Kt. 2602723739  
Búlandi 4  
Djúpavogi

Bréf þetta er sent á Sveitarstjóra og Sveitarstjórn Djúpavogshrepp, Vegerðinni á Reyðarfirði og Skipulagsframkvæmda- og umhverfismálaneftnd Djúpavogshrepps.

## Umsögn sveitarstjórnar Djúpavogshrepps



Eiður Ragnarsson  
Búlandi 4  
765 Djúpavogi

Djúpivogur 10. desember 2015

**Efni: Breyting á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020. Færsla á Hringvegi um Berufjarðarbotn - veglína Z. Svör við athugasemdu.**

Vísað er til ódags, athugasemdar Eiðs Ragnarssonar sem barst 25. nóvember 2015.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps þakkar bréfritara auðsýndan áhuga á fyrirhuguðum framkvæmdum við lagningu nýrrar veglínus Hringvegar um Berufjarðarbotn. Sveitarstjórn tekur undir orð hans að fagna beri „*að niðurstaða hafi náðst í þessu málí sem búið er að vera umdeilt mjög lengi*”, en vill þó að því sé haldið til haga að þessi langa deila hefur verið meðal landeigenda.

Í athugasemdinni kemur fram að endurskoða þyrfti hönnun T-vegamóta Axarvegar og Hringvegar um Berufjarðarbotn með tilliti til umferðaröryggis og umferðarþunga. Ennfremur segir í athugasemdinni: „*T gatnamót á þessum stað, eru ekki tímabær þar sem ekki er komið að framkvæmdum við Axarveg að svo stöddu og því væri eðlilegt að umferðarþungi stjórni því hvernig veglinan og vegamótin eru hönnuð. Einnig er rétt að benda á að meðan Öxi er ekki heilsársvegur, skapar það óþarfa umferð og þar með hættu, að beina umferð með þessum hætti inn á veg sem ekki hefur neina vetrarþjónustu*“.

Það er mat sveitarstjórnar Djúpavogshrepps að hér gæti ákveðins misskilnings hvað varðar markmið og hlutverk aðalskipulags en skv. 1. mgr. 28. gr. skipulagslag nr. 123/2010 er í aðalskipulagi „*sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi [...] samgöngu- og þjónustukerfi*“. Þá segir m.a. í 4. mgr. 28. gr. sömu laga: „*Í aðalskipulagi skal marka stefnu til a.m.k. tólf ára*“. Í 5. mgr. sömu laga segir ennfremur: „*Skipulagsgreinargerð aðalskipulags skal lýsa rökstuddri stefnu sveitarstjórnar um [...] samgöngu- og þjónustukerfi [...] í sveitarfélaginu ásamt umhverfismati aðalskipulagsins*“.

Hvað Axarveg og Hringveg um Berufjarðarbotn áhrærir hefur sveitarstjórn Djúpavogshrepps fyrir margt löngu sett fram rökstudda stefnu og liggar hún fyrir í nágildandi aðalskipulagi Djúpavogshrepps. Í greinargerð aðalskipulags kemur fram að gert sé ráð fyrir uppbryggingu heilsársvegar um Öxi (Ayarvegur), frá botni Berufjarðar að þjóðvegi 1 í Skriðdal, þannig að

### Djúpavogshreppur

Nettumálastofnun Bakki 1 765 Djúpivogur	Sími 478 5288	Bíófjörður 478 6188	Nettfang sveitarstjórn.djupavogur.is	Veitilað djupavogur.is	Kennslan 876992-2799
---	------------------	------------------------	---	---------------------------	-------------------------

umferð um veginn verði tryggð með öruggum hætti allan ársins hríng. Jafnframt vill sveitarstjórn vekja athygli á því að allt frá því núgildandi aðalskipulag var sambykkt 24. febrúar 2010, hefur legið fyrir að Hringvegur um Berufjarðarbotn myndi tengjast fyríhuguðum Axarvegi með T-vegamótum og vera víkjandi. Sú ákvörðun er skv. aðalskipulagi liður í því að styrkja vegakerfi sveitarfélagsins og stytta vegalengdir milli sveitarfélagsins og miðsvæðis Austurlands. Hér er því um mikil hagsmunamál að ræða fyrir íbúa Djúpavogshrepps og vegfarendur. Niðurstöður könnunar Vegagerðarinnar hafa jafnframt sýnt fram á mikilvægi uppbyggðs heilsásvegar um Öxi, en þar kom fram að meðalumferð um Axarveg yrði mun meiri en um veginn um norðanverðan Berufjörð ef sá fyrrnefndi yrði bættur. Sveitarstjórn vill jafnframt vekja athygli á að Vegagerðin hefur að undangenglinni ítarlegri skoðun komist að því að framlögð skipulagstillaga um T vegamót með þeim hætti sem liggur fyrir sé besti kosturinn bæði í vegtækni- og skipulagslegum skilningi.

Sé horft til markmiðs og hlutverks aðalskipulags um að vera stefna sveitarstjórnar til a.m.k. tólf ára, stenst það engan veginn að framlögð tillaga sé ótímabær og hún þurfi að aðlaga sig núverandi ástandi. Almennt séð, hlýtur þessi málflutningur að ganga í berhögg við allt almennt vinnulag við stefnumótun, því samkvæmt honum er ekki hægt að leggja fram stefnu til framtíðar öðruvísi en fyrirfram sé búið að framfylgja henni. Rétt er að benda á að hönnun og útfærsla á vegamótunum er alfarið í höndum Vegagerðarinnar. Vissulega er það svo að áætlanir gera ráð fyrir lagningu nýs Hringvegar um Berufjarðarbotn áður en kemur til framkvæmda við lagningu nýs Axarvegar. Sveitarstjórn telur enga ástæðu til annars en að ætla að Vegagerðin sé þess megnug að hanna og útfæra umrædd vegamót þannig að á öllum tímum sé öryggi hámarkað og umferðarflæði gott.


Þá segir í athugasemd að markmið veghaldara og skipulagsfyrvalda ætti að vera „*að beina umferð öruggustu leið með mestu þjónustu án þess þó að loka á möguleika fyrir styttingu þegar Axarvegur er fær. Þessu til rökstuðnings, þá má benda á að norðan Axarvegarmóta er ÁDU 229 bílar og SDU 421 bílar árið 2014, en sunnan Axarvegarmóta eru ÁDU 300 bílar og SDU 610 bílar sama ár, samkvæmt talningu Vegagerðarinnar. Umferð um Axarveg eru á þessu sama tímabili ÁDU 108 og SDU 263 það liggur því ljóst að umferð um Berufjarðarbotn er mun meiri en umferð um Öxi og því ætti áhersla að vera á vegamót með T gatnamót á Axarveg í komandi framkvæmdum. Komi hinsvegar til framkvæmda við Axarveg má leiða líkur að því að umferðarþungi myndi breytast og það gæti því verið hluti af þeim framkvæmdum að breyta þessum gatnamótum til að mæta áætlaðri breytingu á umferðarþunga*“.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps tekur heilshugar undir orð bréfritara að umferð skuli beina öruggustu leið. Að því sögðu vill sveitarstjórn ítreka það sem sagt er hér á undan, að fyrirliggjandi tillaga að breytingu á aðalskipulagi endurspeglar framtíðarsýn hvað varðar samgöngukerfi innan sveitarfélagsins. Hönnun og útfærsla á umræddum vegamótum er tæknilegt atriði er varðar framfylgd skipulagsins og er alfarið í höndum Vegagerðarinnar.

Það er niðurstaða sveitarstjórnar Djúpavogshrepps að ekkert í athugasemd bréfritara kallí á endurskoðun fyrilliggjandi tillögu og hafnar því endurskoðun á grundvelli hennar.

Að lokum vill sveitarstjórn fullvissa bréfritara um að hún muni, nú sem endranær, gera allt sem í hennar valdi stendur til að tryggja að markmið gildandi aðalskipulags nái fram að ganga sem og að tryggja öryggi íbúa og annarra vegfarenda sem eiga erindi um sveitarfélagið.

f.h. sveitarstjórnar Djúpavogshrepps



Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri

